

AUGLÝSING

um breytingar á Norðurlandasamningi um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir tiltekna heilbrigðis- og hjúkrunarstéttir og dýralækna.

Hinn 23. maí 2019 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna samnings, sem gerður var í Stokkhólmi 11. desember 2018, um breytingar á Norðurlandasamningi um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir tiltekna heilbrigðis- og hjúkrunarstéttir frá 14. júní 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 36/1993 þar sem samningurinn er birtur, svo og auglýsingu nr. 6/2001 um breytingar á samningnum.

Samningurinn öðlast gildi 1. febrúar 2020.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 30. janúar 2020.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Sturla Sigurjónsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi frá 14. júní 1993, með áorðnum breytingum frá 11. nóvember 1998, um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar óska eftir að breyta samningnum frá 14. júní 1993 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna, og hafa komið sér saman um eftirfarandi breytingar:

1. gr.

Gerðar eru svohljóðandi breytingar á heiti og inngangsorðum samningsins:

Samningur milli Norðurlandanna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, hér eftir nefnd samningsríkin, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi ákveðinna heilbrigðisstétta og um skipti á upplýsingum varðandi eftirlit með ákveðnum heilbrigðisstarfsmönnum,

sem staðfesta að öll samningsríkin hafa komið til framkvæmda tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, og að markmiðið með tilskipuninni, rétt eins og markmiðið með samningnum, er að stuðla að frjálsri för heilbrigðisstarfsmanna með því að reglufesta skilyrði fyrir viðurkenningu yfir landamæri,

sem hafa komist að raun um að í ljósi tilskipunar ESB 2005/36/EB, ásamt síðari breytingum, hér á eftir nefnd ESB-tilskipunin, hefur samningurinn glatað sjálfstæðu gildi sínu á tilteknum sviðum,

sem hafa komist að raun um að ESB-tilskipunin tryggir ekki viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða sem menntaðir eru á Grænlandi og hjúkrunarfræðinga og félags- og sjúkraliða sem menntaðir eru í Færeyjum, né heldur gagnkvæm upplýsingaskipti á milli Færeyja, Grænlands og samningsríkjanna,

sem telja að enn sem fyrr sé þörf á norrænum samningi sem tryggir að hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar, sem menntaðir eru á Grænlandi, og hjúkrunarfræðingar og félags- og sjúkraliðar, sem menntaðir eru í Færeyjum, fái viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi í samningsríkjunum, Færeyjum og á Grænlandi samkvæmt sömu kröfum og settar eru fram í ESB-tilskipuninni og að hjúkrunarfræðingar og félags- og sjúkraliðar, sem menntaðir eru í samningsríkjunum, fái viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi í Færeyjum og á Grænlandi,

sem telja að með því að koma á fót upplýsingakerfi fyrir innri markaðinn (IMI-upplýsingakerfinu) og með framkvæmd ESB-tilskipunarinnar hafi skapast þörf á að uppfæra 18. gr., eins og hún hefur gilt fram til þessa, að því er varðar upplýsingaskipti á sviði eftirlits,

sem telja að í ljósi öryggis sjúklinga sé áfram þörf á samkomulagi til að tryggja skipti á upplýsingum um eftirlit með tilteknum heilbrigðisstarfsmönnum milli samningsríkjanna, Færeyja og Grænlands, sem eru nauðsynlegar til að þau geti sinnt eftirlitshlutverki sínu. Þessi skipti á eftirlitsupplýsingum hafa ekki áhrif á skuldbindingar samningsríkjanna samkvæmt ESB-tilskipuninni eða áframhaldandi skipti á upplýsingum í gegnum IMI-upplýsingakerfið, og almennu persónuverndarreglugerðinni (ESB) 2016/679,

sem telja að skipti á upplýsingum um eftirlit feli ekki í sér aðrar takmarkanir á starfsmenn en þær sem eru þegar í gildi samkvæmt ESB-tilskipuninni og landslögum samningsríkjanna, Færeyja og Grænlands,

sem hafa slegið því föstu að álitafnið varðandi upplýsingaskipti við Færeyjar og Grænland verði leyst með samstarfi eða samstarfssamningum við viðeigandi yfirvöld í Danmörku,

hafa komist að samkomulagi um að gera eftirfarandi breytingar á samningnum um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna sem eru svohljóðandi:

2. gr.

Eftir breytingar verður 1. gr. svohljóðandi:

Gildissvið.

1. gr.

Ákvæði 2. og 17. gr. þessa samnings gilda um starfsmenn sem eru ríkisborgarar í einu samningsríki eða öðru aðildarríki ESB/EES og eru menntaðir í samningsríki, Færeyjum eða á Grænlandi sem hjúkrunarfræðingar í almennri heilbrigðisþjónustu og hjúkrun, sjúkraliðar eða félags- og sjúkraliðar.

Ákvæði 18. gr.-18. gr. c í þessum samningi gilda að því er varðar upplýsingar um eftirlit með starfsmönnum sem eru heilbrigðisstarfsmenn í samningsríki, Færeyjum eða á Grænlandi og handhafar heimildar eða leyfis.

3. gr.

Eftir breytingar verður 2. gr. svohljóðandi:

*Almennar reglur um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi
í öðru samningsríki, sem og í Færeyjum og á Grænlandi.*

2. gr.

Starfsmaður, sem fellur undir 1. mgr. 1. gr., skal eiga rétt á viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi í sérhverju hinna samningsríkjanna, sem og í Færeyjum og á Grænlandi, með þeim skilyrðum sem sett eru fram í ESB-tilskipuninni.

4. gr.

Ákvæði 3.–6. gr. og 8.–16. gr. skulu felld brott úr samningnum.

5. gr.

Eftir breytingar verður 17. gr. svohljóðandi:

Umsókn um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi og ákvörðun.

17. gr.

Sá sem sækir um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi samkvæmt þessum samningi skal sanna fyrir samningsríkinu, Færeyjum eða Grænlandi að hann uppfylli skilmála samningsins.

Viðurkenningu skal veita þeim umsækjendum sem uppfylla skilmála samnings þessa og skilyrðin sem sett eru fram í ESB-tilskipuninni. Ekki skal veita heimild á grundvelli viðurkenningar ef fyrir hendi eru aðstæður sem geta leitt til afturköllunar á heimildinni.

Samningsríkin, Grænland og Færeyjar skulu senda hvert öðru með gagnkvæmum hætti nauðsynlegar upplýsingar til að viðurkenna faglega menntun og hæfi samkvæmt þessum samningi.

6. gr.

Eftir breytingar verður 18. gr. svohljóðandi:

Skipti á upplýsingum um eftirlit með tilteknum heilbrigðisstarfsmönnum.

18. gr.

1. Samningsríkin, Færeyjar og Grænland skulu veita hvert öðru upplýsingar um allar ákvarðanir á sviði eftirlits sem takmarka, svipta, banna eða afturkalla starfsemi heilbrigðisstarfsmanna sem eru handhafar heimildar eða leyfis.

2. Ef slíkt er mögulegt samkvæmt landslögum skulu samningsríkin, Færeyjar og Grænland upplýsa hvert annað um hvers kyns ákvarðanir á sviði eftirlits, aðrar en þær sem falla undir 1. mgr., að svo miklu leyti sem þær hafa þýðingu fyrir öryggi sjúklinga og eru nauðsynlegar samningsríkjunum, Færeyjum og Grænlandi til þess að þau geti sinnt eftirlitshlutverki sínu.

3. Samningsríkin, Færeyjar og Grænland skulu tilkynna hvert öðru um það þegar ákvörðun á sviði eftirlits, sem tilkynnt hefur verið um skv. 1. eða 2. mgr., rennur út eða fellur brott.

4. Ef samningsríki, Færeyjar eða Grænland tekur við upplýsingum um, eða sem gefa ástæðu til að ætla, að heilbrigðisstarfsmaður, sem er til rannsóknar í tengslum við mögulega ákvörðun eins og um getur í 1. eða 2. mgr., hafi eða muni fara til samningsríkis, Færeyja eða Grænlands í þeim tilgangi að reka þar starfsemi sem heilbrigðisstarfsmaður, getur samningsríkið, Færeyjar eða Grænland tilkynnt það hinum samningsríkjunum, Færeyjum og Grænlandi, svo fremi slíkt sé mögulegt samkvæmt landslögum.

5. Samningur þessi gildir ekki um síðari notkun samningsríkjanna, Færeyja eða Grænlands á þeim upplýsingum sem skipst er á samkvæmt þessari grein.

Þrjár nýjar greinar bætast við á eftir 18. gr.: 18. gr. a, 18. gr. b og 18. gr. c, svohljóðandi:

18. gr. a

Tilkynna skal um þær ákvarðanir, sem um getur í 56. gr. a í ESB-tilskipuninni, innan þriggja daga frá samþykkt ákvörðunarinnar eins og tilgreint er í tilskipuninni. Tilkynna skal um aðrar ákvarðanir, sem um getur í 2. mgr. 18. gr., eins skjótt og auðið er og eigi síðar en einni viku eftir útgáfu þeirra.

18. gr. b

Hafi samningsríkin, Færeyjar og Grænland tilkynnt hvert öðru um þær ákvarðanir, sem um getur í 1. eða 2. mgr. 18. gr., m.a. ákvarðanir sem um getur í 56. gr. a í ESB-tilskipuninni, skulu þau senda áfram upplýsingar um grundvöll ákvarðananna, að fenginni beiðni eins hinna samningsríkjanna, Færeyja eða Grænlands.

18. gr. c

Samningsríkin, Færeyjar og Grænland skulu svara beiðninni, sem um getur í 18. gr. b, eins skjótt og auðið er og eigi síðar en 10 virkum dögum eftir viðtöku hennar.

7. gr.

Ákvæði 19.-20. gr. skulu felld brott úr samningnum.

8. gr.

Eftir breytingar verður 21. gr. svohljóðandi:

21. gr.

Samningsríkin, sem og Færeyjar og Grænland, skulu í sameiningu fylgja framkvæmd samningsins og samþykkja þær breytingar og gera þær viðbætur sem þróun kann að gefa tilefni til.

9. gr.

Ákvæði 23. og 24. gr. skulu felld brott úr samningnum.

10. gr.

Eftir breytingar verður 25. gr. svohljóðandi:

Uppsögn.

25. gr.

Sérhvert samningsríki getur sagt samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu til sænska utanríkisráðuneytisins. Hafi eitt ríkjanna sagt samningnum upp fellur hann úr gildi eftir þann frest sem frá er greint í 2. mgr.

Uppsagnir samkvæmt framangreindum ákvæðum öðlast gildi með sex mánaða fyrirvara sem lýkur 1. júlí eða 1. janúar.

Sænska utanríkisráðuneytið skal tilkynna samningsríkjunum, sem og Færeyjum og Grænlandi, um uppsögn samkvæmt þessari grein og frá hvaða degi uppsögnin tekur gildi.

11. gr.

Ákvæði 1. og 2. viðauka skulu felld brott úr samningnum.

12. gr.

Samningurinn tekur gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að öll samningsríkin hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu um samþykkt samningsins.

Sænska utanríkisráðuneytið skal tilkynna samningsríkjunum, sem og Færeyjum og Grænlandi, um móttöku þessara tilkynninga og hvaða dag samningurinn öðlast gildi.

Samningur þessi skal gilda á meðan samningurinn frá 14. júní 1993 er í gildi.

13. gr.

Frumrit þessa samnings skal afhent sænska utanríkisráðuneytinu til vörslu sem skal senda staðfest afrit til hinna ríkjanna.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Stokkhólmi hinn 11. desember 2018 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.